

## FUNDARGERÐ

### 256. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps

Árið 2020, þriðjudaginn 10. nóvember, kom fræðslunefnd Mýrdalshrepps saman til fjarfundar kl. 16:00.

**Fundinn sátu:** Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Karl Pálmasson, Salóme Þóra Valdimarsdóttir, Beata Rutkowska og Þórey Richardt Úlfarsdóttir sem ritaði fundargerðina í tölvu.

**Að auki sátu fundinn:** Þorbjörg Gísladóttir sveitastjóri, Sveinn Sigurðsson áheyrnafulltrúi leikskóla og Ólafur Ögmundsson áheyrnafulltrúi skóla.

Formaður setti fundinn kl 16:00 og stjórnaði honum.

16:00 Elín Einarsdóttir skólastjóri Víkurskóla kom inn á fundinn.

Skýrsla skólastjóra:

- I) Endurmenntun starfsmanna: Á starfsdegi 2. okt. sótti starfsfólk fyrirlestra á Menntavíku HÍ og eldvarnanámskeið á starfsdegi 26. okt. Kötlum jarðvangur var með erindi sama dag vegna mögulegs rannsóknaverkefnis sem nemendur og kennarar tækju að sér.
- II) Covid 19: Vegna hertra sóttvarna var haldinn starfsdagur 2. nóv. sem var nýttur í að fara yfir skipulag skólans með sóttvarnir í huga.
- III) Skólastarfið: Vegna takmarkana sem Covid-19 hefur í för með sér hefur þurft að breyta eða fella niður ýmsu, þar má nefna: ytra mat Víkurskóla af hálfu menntamálaráðuneytisins, Haustball nemenda með nágrannaskólum, hrekkjavökuskemmtun nemenda og bekkjakvöld. Þórir Kjartansson gaf skólanum að gjöf fræðslumynd um Kötlum. Aðstaða í Listakoti var bætt til muna. Niðurstöður úr Skólaláttum nemenda 6.-10. bekkjar eru nýkomnar og verða kynntar fyrir fræðslunefnd síðar. Niðurstöður fyrir samræmdu prófum 4. og 7. bekkjar liggja einnig fyrir.
- IV) Annað: Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir Víkur skóla fyrir árið 2021 hefur verið send sveitastjóra og sveitastjórn.

Til kynningar: Starfsþróunaráætlun Víkurskóla 2020-2021

Starfsmannahandbók Víkurskóla

16:20 EE yfirlit fundinn.

16:20 Dagný Rut Gretarsdóttir skólastjóri leikskólans Mánalands ásamt áheyrnafulltrúa leikskólakennara Patricia Pacheco Pelaez komu inn á fundinn.

Skýrsla leikskólastjóra:

- I) Skólastarfið hefur gengið upp án heimsendinga en af 22 dögum í október hafa verið 4 fullmannaðir dagar en von er um að þetta komist í rétt horf við styttingu vinnuvikunnar sem að leikskólastjóri vinnur nú að innleiðingu.
- II) Starfsmannamál: Fyrir viku síðan var ráðinn inn til starfa leikskólakennari með sérkennsluréttindi ásamt réttindum til að taka HLJÓM-2. Með þessari ráðningu var unnt að taka HLJÓM-2 prófið án þess að kalla Bergnýju leikskólastjóra í fæðingarorlofi inn til að sjá um það.
- III) Biðlisti: Eitt barn er á biðlista fætt 5. nóvember 2019.
- IV) Covid-19: Vegna hertra sóttvarnaaðgerða hefur leikskólinn óskað eftir því að foreldrar komi sem minnst inn í leikskólann en þá með grímu ef þess er nauðsyn. Tekið er á móti börnunum ýmist úti eða í dyrunum. Vöntun er á handlaugum inni í skólastofum og skolvask á salerni kennara.
- V) Framundan: Mikil fjölgun barna er í Mýrdalshreppi eða 4 fædd árið 2019 sem ekki eru á leikskólanum, 15 börn fædd 2020 og einnig er ljóst að fjöldi barna muni fæðast árið 2021. Núverandi húsnæði bíður ekki upp á að taka á móti öllum þessum börnum og ljóst er að sveitafélagið þarf að bregðast við því.
- VI) Leikskólanum barst gjöf frá Framrás ehf. um ræðir eru 4 Yogastólar en þeir bæta vinnuaðstöðu starfsmanna til muna.

*ÞRÚ óskar bókað:*

*Þórey gerir athugasemd við foreldrakönnunina. Hún var gerð á facebook en ekki í gegnum þann samskiptamáta sem tíðkast á leikskólanum, tölvupóst.*

*Ekki kom fram í umræddri könnun möguleiki á því hvurrar skoðunar foreldrar væru á 4 vikna sumarleyfi barna.*

*Fræðslunefnd bókar:*

*Fræðslunefnd leggur til að halda 5 vikna lokun vegna sumarleyfa í samráði við leikskólastjóra og leitað verði leiða til þess að starfsmenn geti tekið sitt lögboðna sumarfrí. Leikskólastjóra er falið að beina þeirri viku sem eftir er af sumarleyfi á þá tíma sem valda sem minnstri röskun á leikskólastarfinu.*

*Niðurstöður úr foreldrakönnun sem leikskólastjóri gerði varðandi sumarleyfi leikskólabarna gefa ekki tilefni til að breyta því.*

Önnur Mál:

Leikskólastjóri spyr fregna af menntastefnu.

17:54 DRG og PPP yfirlit fundinn.

Fundi slitið kl. 17:54

---

Anna Huld Óskarsdóttir

---

Karl Pálmasson

---

Salóme Þóra Valdimarsdóttir

---

Beata Rutkowska

---

Þórey Richardt Úlfarsdóttir

---

Sveinn Sigurðsson

---

Ólafur Ögmundsson